

Sögunefnd Keflavíkur

9. fundur haldin 16. nóvember, 2020 netfundur.

Mættir eru; Erla Guðmundsdóttir, Árni Jóhannsson, Stefán Jónsson, Ragnhildur Árnadóttir og Kristinn Jakobsson sem ritar fundargerð. Auk þess voru boðaðir Eiríkur P. Jörundsson safnstjóri Byggðasafnsins og Árni Daníel Júlíusson rithöfundur.

1. Árni Daníel fer yfir framvindu ritunar Sögu Keflavíkur

Er byrjaður að fylla uppí efnisgrind sem unnin var af Sögunefndinni 2019. Langt kominn með ritun kafla um útgerðarsögu og fiskvinnslu, ritunin hefur gengið vel og miðar vel. Hefst fljótlega handa við að skrifa kaflann um Varnarliðið. Fyrstu kaflarnir ættu að vera tilbúnir til yfirlestrar um næstu jól eða eftir áramótin. Ef allt gengur eftir verður ritun lokið samkvæmt framvinduáætlun eða um mitt árið 2021. Þá verður hafist handa við að velja ljósmyndir og búa verkið undir umbrot.

2. Eiríkur P. greinir frá helstu þáttum við ljósmyndaverkefnið og hönnun söguvefs.

Ljósmyndaverkefnið gengur vel. Nýtt myndumsjónarkerfi er nú notað í verkefnið og ljósmyndavefurinn **reykjanesmyndir.is** vex jafnt og þétt. Tveir starfsmenn sinna þessu verkefni í dag. Sett var um greiningarsýning á vefinn þar sem fólk er hvatt til að fara inn og skrá athugasemdir og upplýsingar um einstaka myndir. Byggðasafnið fékk allt filmusafn Víkurfrétta þ.e.a.s. þær myndir sem teknar voru á filmu á árunum 1980 til 1994. Unnið er að vinnslu þess safns.

Söguvefurinn. Sögunefndin hefur haft skoðanir á hvernig söguvefurinn kemur til með að líta út. Finna þarf vefhönnunarfyrirtæki til að hanna og setja upp og skoða hvernig möguleg hýsing verði ásamt umsjón með söguvefnum. Vænta má að sá texti sem ritaður verður og fer ekki allur í bókina verði settur á Söguvefinn og tilvísanir í bókinni á vefinn. Hann verður lifandi þ.e. hljóð og myndbönd sem Byggðasafnið á verða sett þar inn sem ítarefni við sögu Keflavíkur og síðar Reykjanesbæjar.

3. Fara yfir framvinduáætlun og fjárhagsáætlun.

2019: Ráðning rithöfundar Árna Daníels Júlíussonar sem hóf störf 1. janúar 2020.

Sögunefndin vann að efnisgrind sögunnar og skoðaði margar hugmyndir að söguvef, hvernig hann verði uppbyggður og þróaður. Fáar fyrirmyndir eru að slíkum vef hér á landi.

2020: Sögunefndin hefur fundað 3 sinnum á árinu. Rithöfundur hefur verið iðinn við lestur og öflun heimilda í samræmi við fyrirlagða efnisgrind og hefur verið í góðu samstarfi við nefndarmenn við öflun heimilda. Hann hefur lokið ritun kafla um útgerð og fiskvinnslu á tímabilinu. Er að hefjast handa við ritun um þátt varnarliðsins í sögu Keflavíkur. Mun skila til nefndarinnar fyrstu köflum til yfirlestrar í desember eða janúar.

2021: Ritun sögunnar og yfirlestur handrits verður lokið seint næsta sumar. Eftir það verður aðal vinnan við að velja ljósmyndir og útbúa efnið annars vegar fyrir prentun á bók og hins vegar fyrir söguvefinn. Framsetning efnis á söguvefnum er hugsuð með eiginleika netsins í huga og þeirra möguleika sem þar eru í boði. Lögð verður áhersla á að vefurinn hafi fræðslugildi og verði jafnvel unninn að einhverju leyti í samstarfi við skóla bæjarins til að átta sig á hvernig nemendur og skólarnir myndu nýta sér söguvefinn af alvöru. Þá er stefnt að því að vefurinn verði bæði áhugaverður og skemmtilegur í notkun. Vefurinn gefur möguleika á að efnið verði að hluta til á fleiri tungumálum, sem gefur honum jafnframt markaðslegt gildi fyrir ferðaþjónustuna. Enda ætti efni hans ætti að ríma vel við uppbyggingu á menningartengdri ferðaþjónustu. Eitt af markmiðunum með útgáfu söguvefsins er að stuðla að jákvæði ímynd bæjarins, að því ógleymdu að þróa má vefinn, sem í fyrstu væri tileinkaður Sögu Keflavíkur 1949-1994, yfir í að vera framtíðar söguvefur Reykjanesbæjar. Þar liggja ótakmarkaðir möguleikar.

2022: Verkefni fyrstu mánaða 2022 felast einfaldlega í að koma bókinni í prentun og gera vefinn birtingarhæfan. Gera má ráð fyrir að verkefninu ljúki síðla vetrar 2022 með útgáfu 4. bindis Sögu Keflavíkur, ásamt opnun söguvefs þar sem meira ítarefni í texta, hljóði og myndum verði aðgengilegur öllum sem kynna vilja sér sögu Keflavíkur.

Kostnaðaráætlun var uppfærð og má telja víst að hún standist þau markmið sem sett voru í upphafi. Fjárveiting vegna kostnaðar sem áætlaður var á árunum 2019-2020 hefur ekki öll verið nýtt, vegna þess að ekki var unnið í ákveðnum verkefnum á tímabilinu. Af þeim sökum þarf að flytja fjárveitingar yfir á árin 2021 og 2022.